

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Halldórs Hansen, nr. 1054/2003.

#### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

#### 3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnfé sjóðsins kemur úr dánarbúi Halldórs Hansen. Fjárhæð stofnfjár miðast við andvirði fasteignar Halldórs Hansen og annarra tilgreindra eigna sem samkvæmt erfðaskrá hans skulu renna til sjóðsins. Fjórðungur (25%) af andvirði eigna sem sjóðnum hlotnast samkvæmt erfðaskrá skal mynda höfuðstól sjóðsins og skal sú fjárhæð haldast óskert í honum.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu eigna sjóðsins en henni er þó heimilt að semja við viðurkennda fjármálastofnun um að annast fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir, aðrar en þær sem hafa verið tilgreindar, sem kunna að vera í eigu sjóðsins, nema með fengnu samþykki sýslumanns, að undangenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

#### 2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Halldórs Hansen staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. febrúar 2024,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*